

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og VI A við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: <i>Kjötvörur úr vörulið 1601:</i>		7.500		
1601.00xx Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti	01.07.06 - 31.12.06	-	0	162
Tollnúmer: <i>Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		86.000		
1602.1001 Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	90
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	90
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.06 - 30.06.07	-	0	126
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.06 - 30.06.07	-	0	126
1602.2019 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af d. lifur	01.07.06 - 30.06.07	-	0	126
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	219
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	219
1602.3109 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	219
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	219
1602.3209 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.06 - 30.06.07	-	0	219
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.06 - 30.06.07	-	0	219
1602.3909 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	115
1602.4101 Úr svinum meira en 60%, læri og lærissn.	01.07.06 - 30.06.07	-	0	563
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsn.	01.07.06 - 30.06.07	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.06 - 30.06.07	-	0	511

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.06 - 30.06.07	-	0	391
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	304
1602.5009 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	265
1602.9019 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.06 - 30.06.07	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.06 - 30.06.07	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.06 - 30.06.07	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum tollskrárnúmerum sé um það sótt:

1602.10XX	2.600 kg
1602.20XX	2.600 kg
1602.3XXX	16.600 kg
1602.4XXX	13.200 kg
1602.50XX	4.600 kg
1602.90XX	3.400 kg

5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2006 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2007.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. maí 2006.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.